

Nafn	Samantekt	Viðbrögð
Míla	Óska samráðs þegar til framkvæmda kemur.	
Landhelgisgæsla Íslands	- Á svæðinu gilda kröfur sem eru í svæðisskipulagi Suðurnesja vegna eftirlits-, ratsjár- og fjarskiptastöðvar, um að áður en veitt eru byggingarleyfi fyrir húsum hærri en 45,42 m.y.s. sem á við á umræddu svæði skv. drögum að deiliskipulagi skuli haft samráð við Landhelgisgæsluna auk þess sem ákveðnar reglur eru settar í svæðisskipulaginu um klæðningar húsa. - Vegna herflugs sem um völlinn fer er æskilegt að við gerð skipulaga, sérstaklega deiliskipulags séu gerðar miklar hljóðvistarkröfur til húsnæðis á svæði sem er í nálægð við flugvöllinn. Í hljóðvistarútreikninga svæðisins sem almenn er byggt á er ekki tekið tillit til herflugs	- Athugasemd verðandi umsögn Landhelgisgæslu um byggingarleyfi verður uppfært í greinargerð s.br. g. 7.3 Ratsjár- og fjarskiptastöð í aðalskipulagi Reykjanesbæjar. - Töluleg gögn um hávaða með tíðni umferðar herflugvéla liggja ekki fyrir og því ekki hægt að meta hve „miklar hljóðkröfur“ þarf að gera eða hvort þeirra sé þörf. Mat á umhverfisáhrifum starfseminnar, á núverandi 5000 íbúa byggð á Ásbrú, liggja ekki fyrir. Ábendingu er komið á framfæri við lóðarhafa sem bregst við á eigin ábyrgð.
Veðurstofa Íslands	Veðurstofa Íslands vísar í fyrri umsögn dagsetta 28. apríl 2026: Veðurstofan gerir ekki athugasemd við vinnslutillögu deiliskipulags fyrir Suðurbrekku. Gott væri að taka fram að ekki séu takmarkanir á	Greinargerð verði uppfærð í samræmi við ábendingu þ.a. tekið verði fram að taka fram að ekki séu takmarkanir á

	landnotkun á svæðinu vegna náttúruvár svo skýrt sé að þeir þættir hafi verið skoðaðir. https://skipulagsgatt.is/files/b99c0cbb-29d9-446d-808a-cbbfe67eea59	landnotkun á svæðinu vegna náttúruvár
Isavia	- Isavia vill benda á nálægð fyrirhugaðra uppbyggingar- og íbúðarsvæða á Ásbrú við athafnasvæði flugvallarins og flugbrautarenda m.t.t. hljóðvistar. Þó svæðið uppfylli eflaust viðmið í reglugerð þá að hafa það enn frekar í huga við skilmálagarð deiliskipulagsins, þ.e. að gera miklar kröfur til hljóðvistar við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á skipulagsreitunum. Jafnframt í ljósi mikillar íbúðaruppbyggingar á Ásbrú á næstu árum þá er ljóst að umferð til og frá svæðinu mun aukast. - Vill Isavia benda í því samhengi á gatnamót Þjóðbrautar og Grænásbrautar sem er helsta tenging fyrir starfsemi Isavia á Austurhlaði, Háaleitshlaðs við Reykjanesbraut. Í dag er þar umtalsverð umferð sem mun eflaust aukast og huga þyrfti að betri og öruggari tengingum á því svæði.	- Eins og fram kemur í ábendingu er hávaði frá flugumferð á svæðinu innan marka. Sveitarfélagið setur því ekki íþyngjandi kröfur um við brögð vegna hljóðvistar sem eru þá mögulega óþörf eða í versta falli ófullnægjandi. Ábendingu er komið á framfæri við framkvæmdaaðila sem bregst við á eigin ábyrgð. - Uppbyggingu á Ásbrú þarf að fylgja eftir með endurskoðun á samgöngum hverfisins.